

# EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	9.2.2016	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	GMR ehf	<b>Fulltrúi UST</b>	Eva Dögg Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Tangavegi 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5406101930	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gylfi Rúnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Örn Ágústsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en 8 frávik eru í eftirfylgni hjá stofnuninni.

Áminning var birt 2. febrúar sl. vegna tveggja frávika sem komu upp í síðasta eftirliti. Frávikin snúa að vöktunaráætlun og vöktunarmælingum og díoxín/fúran sem mældist yfir starfsleyfismörkum. Í áminningunni er veittur frestur til 24. febrúar að senda inn tímasetta úrbótaáætlun. Þá eru tvö frávik með samþykktan úrbótafrest til 29. febrúar nk, varðandi frágang og malbikun á lóð og íslenskun og staðfæringu á öryggisblöðum. Í eftirlitinu kom fram að framkvæmdir við lóð munu tejjast og óskar stofnunin eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna þessa. Ný úrbótaáætlun var send Umhverfisstofnunin í tölvupósti 2.mars sl. varðandi ofangreind frávik og er hún til skoðunar hjá stofnuninni.

Dagsektir voru lagðar á 13. janúar sl. vegna fráviks er varðar reyk sem barst undan þakjárnri. Bætt hefur verið að hluta til úr frávikinu þar sem að verksmiðjuhúsið hefur verið þétt þannig að reykurinn berist ekki í eins miklu mæli út um verksmiðjuhúsið. Úrbætur á hreinsivirki eru ekki fullnægjandi að mati stofnunarinnar og uppfyllir ekki kröfur um bestu fánlegu tækni.

Frestur til að ljúka úrbótum á þremur eldri frávikum rann út 20. janúar sl. Hráefni á lóðinni sem ekki hentar til vinnslunnar hefur samkvæmt símtali frá rekstraraðila 22. febrúar sl. að mestu leyti verið fjarlægð af lóðinni og flutt úr landi. Hávaðamælingar voru endurteknaðar í byrjun árs og mælist hávaði enn yfir mörkum. Framleiðsluúrgangur er enn á lóð og flutningur hans í Sorpu er ekki hafinn. Rekstraraðili óskaði í eftirlitinu eftir vikufrest til að skila inn tímasettri úrbótaáætlun um flutning úrgangsins í sorpu.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu hófst með eftirlitsfundi þar sem að farið var yfir stöðu eftirfylgnimála og úrbóta eldri frávika.

Fyrst var rætt um frávik varðandi hráefni við verksmiðjuna sem ekki hentar til vinnslu. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 21.október sl. ætlaði rekstraraðili að flokka efnið sem ekki hentaði til vinnslunnar frá vinnanlegu efni og fjarlægja það efni sem ekki hentaði til vinnslunnar af lóðinni fyrir 20.janúar sl. Það verk reyndist ekki gerlegt og um 2000 tonn af ónýtanlegu efni var á lóðinni þegar eftirlitið fór fram. Í símtali frá rekstraraðila 22. febrúar sl. kom fram að efnið sem ekki hentar til vinnslunnar hefur nú verið flutt úr landi og unnið að því að koma öllu hráefni á lóðinni inn í hráefnisgeymsluna. Að sögn rekstraraðila verður hráefni hér eftir keypt af innlendum aðilum og auðveldara að stjórna gæðum brotajárnsins. Prófanir standa enn yfir á búnaði til að ná kopar úr straumteinum. Rekstraraðili hefur áhuga á að gera tilraunir með að bræða straumteinana með koparum. Minnt var á losunarmörk kopars í útblæstri í starfsleyfi og óskað eftir upplýsingum um áætlaða hækkun á losun kopars í útblæstri við þetta fyrirkomulag. Í nokkrum tilvikum hefur rekstraraðili tekið við innlendu brotajárnri sem ekki hefur hentað til vinnslunnar og sent til Hringrásar.

Þá var farið yfir frávik vegna hávaða en frestur til að skila nýjum mælingum til að staðfesta úrbætur rann út 20.janúar sl. Í eftirlitinu kom fram að nýjar hljóðmælingar hafa verið gerðar en hávaðinn sé enn yfir mörkum við lóðarmörk.

Frestur til að koma framleiðsluúrgangi til urðunar í Sorpu var til 12.febrúar sl. Þegar eftirlitið voru flutningar úrgangsins ekki hafnir. Samkvæmt skráningum rekstraraðila eru um 2000 tonn af úrgangi á lóðinni og gera má ráð fyrir að um 100 ferðir þurfi til að flytja efnið í Sorpu Álfnesi. Í tölvupósti rekstraraðila frá 2. mars sl. kemur fram að búist sé við að flutningum verði lokið um mánaðarmótin mars/apríl nk. Einn gámur af síuryki, um 22,5 tonn, var sendur til endurvinnsluaðila í Noregi til prófunar. Beðið staðfestingar frá endurvinnsluaðilanum að efnið henti í vinnslu þeirra áður en meira efni verður sent út.

Verkfræðistofan VSÓ Ráðgjöf vinnur að staðfæringu og íslenskun öryggisblaða. Frestur til að skila uppfærðum öryggisblöðum er til 29. febrúar nk.

GMR hefur undirritað samning um þátttöku í sameiginlegri vöktunaráætlun iðjuveranna á Grundartanga. Rætt var um vöktun á jarðvegi í umhverfi verksmiðjunnar. Skýrsla um jarðvegsmælingar vegna starfsemi Kratusar ehf. var gefin út í nóvember 2013. Mælt var díoxín og fúran í jarðvegi. Rekstraraðili hyggst gera jarðvegsmælingar í samstarfi með

Kratustofnun en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að mælingarnar séu gerðar á sama tíma ársins og síðast. Næstu mælingar eru því fyrirhugaðar í október 2016.

Unnið er að frágangi lóðar og að leggja frárennislagnir frá verksmiðjunni. Ljóst að ekki mun takast að ljúka við framkvæmdir áður en úrbótaáætlun rennur út, núna 29. febrúar nk. Rekstraraðili sagðist ætla að senda uppfærða úrbótaáætlun vegna seinkunar framkvæmda og óska eftir lengri úrbótaáætlun. Sú úrbótaáætlun barst Umhverfisstofnun 2. mars sl. þar sem að óskað er eftir fresti til 20. apríl 2016 til að ljúka framkvæmdum, með fyrirvara um hagstætt veðurfar.

Í síðustu útblástursmælingum sem gerðar voru í október 2015 mældist díoxín/fúran yfir starfsleyfismörkum í útblæstri frá ofni. Rekstraraðili taldi upphaflega að ástæðan væri að skekkjur væri í mælingunum en í eftirlitinu nú ræddu þeir um að mögulega stafaði það af röngu hráefni sem hefði farið í ofninn. Áminning vegna þessa fráviks var send 2. febrúar sl. en í eftirlitinu kom fram að passað væri betur upp á hvaða hráefni færi í ofninn og næsta mæling sé fyrirhuguð í apríl. Óskað var eftir að útblástursmælingum yrði flýtt. Þá var minnt var á að losunarmörk ryks í útblæstri þrengjast nú í mars og verða framvegis 5mg/Nm<sup>3</sup>.

Frávik vegna ryks sem barst undan þakjárnri verksmiðjunnar hefur verið í eftirfylgni frá nóvember 2014. Rekstraraðili telur að úrbætur sem lagðar voru til í samþykktri úrbótaáætlun, þ.e. að skerma ofnasvæði af með reykþöndum komi ekki til með að borga sig og er því með skoðunar aðrar aðferðir til að uppfylla skilyrði um bestu fánlegu tækni. Rekstraraðili óskaði eftir tveggja vikna frest til að senda uppfærða úrbótaáætlun, þ.e. til 24. febrúar nk. Bætt hefur verið að hluta til úr frávikinum með þéttingu hússins en úrbæturnar eru ekki fullnægjandi að mati stofnunarinnar. Mengunarvarnaráætlun uppfyllir ekki kröfur um bestu fánlegu tækni þar sem að afsogsbúnaðurinn fangar ekki nægjanlega útblástur frá vinnslunni. Í tölvupósti sem barst Umhverfisstofnun 2. mars sl. barst úrbótaáætlun vegna þessa fráviks sem er til skoðunar hjá stofnuninni.

Þá var farið yfir skráningar skv. grein 3.2. í starfsleyfi. Vikulega er farið yfir hreinsivirkin og farið yfir ástand pokanna. Eftirlitsaðili óskaði eftir nánari upplýsingum um kvörðun mælitækja en rekstraraðili hefur séð sjálfur um kvörðun þeirra. Engar kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp skráð. Olíugildra var skoðuð í 28. janúar sem var komin upp í um 70%. Tæming er fyrirhuguð á næstunni. Um 2000 tonn af úrgangi er á lóðinni og kvittanir frá móttökuaðila hráefnis sem ekki hefur hentað til vinnslunnar var í rekstrarahandbók. Uppfært vöktunarkerfi fyrir árin 2016 og 2017 er í gæðahandbók og var send eftirlitsaðila að loknu eftirliti.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og lóðina. Ofninn var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Mikill reykur var í vinnslusalnum en var þó ekki sýnilegur utan við verksmiðjuna. Á lóðinni voru haugar af brotajárnri og ýmiskonar úrgangur og hráefni í gámum. Straumteinar voru í vinnslusalnum og í gámum á lóðinni. Þá var framleiðsluúrgangurinn í haugum vestan við verksmiðjuhúsið.

## ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili hefur bætt að hluta til úr fráviki vegna reyks sem barst undan þakjárnri. Búið er að þetta húsið en mikill reykur er í húsinu þegar vinnsla er í gangi. Spurning vaknar um vinnuskilyrði starfsmanna og fær vinnueftirlitið því afrit af þessari skýrslu.

## ANNAÐ

Í bréfi frá 16. desember sl. var rekstraraðila tilkynnt um aukningu eftirlits Umhverfisstofnunar í GMR Endurvinnslu en í ljósi sögu fyrirtækisins og fjölda frávíka verða þrjú reglubundin eftirlit á ári í GMR Endurvinnslu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.03.2016

  
Halla Einarsdóttir